

Til aðildarfélaga EBÍ

Kópavogi, 24.mars 2022.

### Efni: Styrktarsjóður EBÍ 2022.

Styrktarsjóður EBÍ var stofnaður árið 1996 og er tilgangur sjóðsins að styrkja með fjárframlögum sérstakar athuganir eða rannsóknir á ýmsum þróunarþáttum í atvinnulífi, samgöngum, fræðslu- og menningarmálum í aðildarsveitarfélögum. Mörg ólík verkefni hafa verið styrkt, en sammerkt er með þeim að þau teljast ekki til almenns rekstrar sveitarfélagsins heldur er hér yfirleitt um að ræða sérstök framfaraverkefni í þágu byggðarlaganna.

Einungis aðildarsveitarfélögum EBÍ er heimilt að senda inn umsókn í sjóðinn og hvert sveitarfélag getur aðeins sent inn **eina** umsókn. Umsóknum skal skilað á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem er að finna á heimasíðu EBÍ; [www.brunabot.is](http://www.brunabot.is) undir liðnum „Styrktarsjóður“. Til úthlutunar eru 5 milljónir króna og er **umsóknarfrestur til aprílloka**.

*Vil ég vekja sérstaka athygli á því í reglum úthlutunarsjóðs er kveðið á um að sveitarfélag geti að öllu jöfnu ekki fengið úthlutað styrk tvö ár í röð sbr. þriðju málsgrein í 3. gr. og í 8. gr. er hnykk á skilaskyldu greinargerðar um framgang verkefnisins.*


Bréf þetta er skrifað til kynningar á málinu og er sveitarfélaginu hér með boðið að senda inn umsókn um stuðning við verkefni sem fellur undir reglur sjóðsins sem hægt er að nálgast á heimasíðu félagsins.

Að gefnu tilefni vil ég ítreka að umsóknir skulu vera vegna **sérstakra framfaraverkefna** á vegum sveitarfélaganna en ekki vegna almennra rekstrarverkefna þeirra, og skal skilað á sérstöku **umsóknareyðublaði**.

Allar frekari upplýsingar viðvíkjandi styrktarsjóðinn gefa undirrituð og Anna Sigurðardóttir, á skrifstofu félagsins. Umsóknir skulu sendar rafrænt á netfangið [brunabot@brunabot.is](mailto:brunabot@brunabot.is), ef það er ekki mögulegt er hægt að senda þær á Styrktarsjóð EBÍ, Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi.

Með bestu kveðju

Eignarhaldsfélagið  
BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

  
Sigrún Sveinbjörnsdóttir.  
Fulltrúi.